

Hverfisráð Raufarhafnar

Fundur haldinn í Ráðhúsinu 19. nóvember 2018 kl. 17:00

Mætt voru Gísli Þór Briem, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Lukasz Koslowski, María Peters Sveinsdóttir og Nanna Steina Höskuldsdóttir.

Gísli Þór Briem stjórnaði fundi og María Peters Sveinsdóttir ritaði fundargerð.

Hverfisráð óskaði eftir fundi með aðilum frá GPG og á fundinn mættu Páll Kristjánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins og Þór Friðriksson vinnslustjóri GPG á Raufarhöfn.

Gísli setur fund og býður alla velkomna og þakkar gestum fyrir að koma.

Tilgangur fundarins var að fá upplýsingar um hvernig GPG hugsar sér að atvinnustarfsemi fyrirtækisins verði í náinni framtíð.

Páll hóf mál sitt á því að visa í nýjan 6 ára samning við Byggðastofnun um áframhaldandi starfsemi á Raufarhöfn; hann sagði fyrirtækið frekar vera að efla starfsemi sína á staðnum heldur en að draga úr henni.

Páll sagði frá því að GPG hefði keypt hlut í félagi á Spáni sem vinnur afurðir héðan. Þeir væru komnir með samninga um dreifingu við veitingahús og smásala á Spáni og Ítalíu og selja hrogn til Spánar og Portúgals og í iðnað í Austur-Evrópu. Fyrirtækið væri að vinna í að fækka milliliðum og gera þá sem þeir eiga viðskipti við nú þegar stærri.

Ráðinn hefur verið maður til að handflaka 5-8 kílóa fisk hér á staðnum og stendur til að ráða annan mann í handflökun. Áður var allur stór fiskur fluttur frá Raufarhöfn.

Páll tók fram að bátar GPG munu halda áfram að landa hér, enda stutt á miðin.

Hverfisráð spurði fulltrúa GPG hvort möguleiki væri á að fyrirtækið myndi nýta þjónustu hér á staðnum fyrir almennt viðhald. Fulltrúar GPG sögðu fyrirtækið gera það eins og hægt væri, bæði fyrir báta og byggingar, en annars færðu bátarnir til Húsavíkur til viðhalds og þjónustu. Hér á Raufarhöfn væri áframhaldandi vinna við viðhald á húsakostnaði, og þá væri leitað til heimamanna með þá vinnu.

Páll tók það fram að í afurðarmagni væri starfsemi GPG á Raufarhöfn um 50%. Á Húsavík væri selfiskvinnsla og þurrkun auk skrifstofu. Fyrirtækið er að íhuga kaup á nýjum tækjum fyrir frystingu á Raufarhöfn, þar sem frystibúnaður sem fyrir er hafi vart undan.

B. Briem

Þ. Briem

L. Koslowski
Nanna Höskuldsdóttir